

Sp. 96. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]
um samvinnu yfirstjórnar fræðslumála og sjónvarps.

Flm.: Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta sem fyrst fara fram athuganir á því, með hverju móti unnt væri að koma á samvinnu yfirstjórnar fræðslumála og sjónvarpsins með sérstöku tilliti til þess að jafna námsaðstöðu nemenda og starfsaðstöðu kennara í hinum ýmsu landshlutum.

Greinargerð.

Sjónvarpið hefur nú starfað um þriggja ára skeið. Flestir munu sammála um, að þar hafi vel til tekizt, og vonir manna, sem bundnar voru tilkomu þess, hafa ekki brugðizt. Um næstu áramót mun sjónvarpið ná til allra landshluta og yfir 90% þjóðarinnar. Þetta gefur tilefni til þess, að athugað verði, hvort ekki sé tíma-bært, að sjónvarpið hefji starfsemi á nýjum sviðum, þar sem það gæti orðið enn frekari lyftistöng menningu og menntun í landinu. Einkum virðist ástæða til, að athugað verði, hvort hið almenna skólakerfi geti notað sjónvarpið til að draga úr þeim mismun á aðstöðu til náms í dreifbýli og þéttbýli, sem nú er svo mjög til umræðu.

Þá er og ekki síður ástæða til, að athugað verði, hvern þátt sjónvarpið geti átt í að fullnægja þeirri brýnu þörf á endurhæfingu kennara, sem yfirstandandi endurskoðun námsefnis á öllum skólastigum hefur í för með sér.